

GJALDSKRÁ

Gjöld fyrir einkaleyfi, vörunúmeri o.fl.

I. KAFLI

Gjöld fyrir einkaleyfi.

1. gr.

Fyrir umsóknir og meðhöndlun þeirra skal, auk árgjalda skv. 2. gr., greiða eftirtalin gjöld:

1)	Umsóknargjald skv. 5. mgr. 8. gr. einkaleyfalaga nr. 17/1991 (ell.) fyrir íslenska einkaleyfisumsókn:	Kr.
	a) grunngjald	26 000
	b) viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram tíu	1 100
2)	Endurupptökugjald skv. 3. mgr. 15. gr. eða 1. mgr. 20. gr. ell. ef umsókn hefur áður verið endurupptekin	3 000 6 000
3)	Framlagningargjald skv. 1. mgr. 20. gr. ell.:	
	a) grunngjald fyrir prentun fyrstu 5 blaðsíðna lýsingar með tilheyrandi einkaleyfiskröfum, teikningum og ágripi	8 000
	b) viðbótargjald fyrir prentun hvernar blaðsíðu sem byrjar umfram 5	500
	c) viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu sem bætt er við þær sem greitt var fyrir við innlagningu umsóknar	1 000

Þegar umsækjanda er tilkynnt um framlagningu umsóknar skal jafnframt geta um upphæð framlagningargjalds. Fjöldi prentaðra síðna skv. 3. tl. 1. mgr. miðast við þá lýsingu ásamt teikningum sem fyrir liggur þegar umsóknin er samþykkt til framlagningar.

2. gr.

Árgjöld fyrir einkaleyfisumsóknir skv. 5. mgr. 8. gr. og 82. gr. ell. og fyrir einkaleyfi skv. 40.–42. gr. ell. eru sem hér segir:

	Kr.
1. gjaldár	2 200
2. gjaldár	2 200
3. gjaldár	2 200
4. gjaldár	3 300
5. gjaldár	3 300
6. gjaldár	4 400
7. gjaldár	4 400
8. gjaldár	5 250
9. gjaldár	5 250
10. gjaldár	6 300
11. gjaldár	6 300
12. gjaldár	8 400
13. gjaldár	8 400
14. gjaldár	10 500
15. gjaldár	10 500
16. gjaldár	12 300
17. gjaldár	14 350

18.	gjaldár	16 400
19.	gjaldár	18 450
20.	gjaldár	20 500

Árgjald fellur í gjalddaga síðasta dag fyrsta almanaksmánaðar í gjaldári, skv. 1. ml. 1. mgr. 41. gr. ell.

Heimilt er að greiða árgjald allt að þremur mánuðum fyrir gjalddaga, skv. 3. ml. 1. mgr. 41. gr. ell.

Árgjald, sem greitt er innan 6 mánaða frá gjalddaga skv. 3. mgr. 41. gr. eða 3. mgr. 42. gr. ell. skal hækka um 20%.

3. gr.

Þegar árgjald af einkaleyfi sem veitt hefur verið eða veitt verður eftir 1. janúar 1982 í samræmi við lög nr. 12/1923 um einkaleyfi gjaldfellur í fyrsta sinn, skv. 1. mgr. 82. gr. ell., skal upphæðin miðast við gjaldár talið frá umsóknardegi (sbr. þó 2. mgr.). Ennfremur skal upphæðin, ef við á, reiknast sem hlutfall af heilu árgjaldi og miðast við þann dagafjölda sem eftir er af viðeigandi gjaldári fram að þeim degi í almanaksári sem svarar til viðkomandi umsóknardags, þ.e. eftir hlutfallinu:

(fjöldi eftirstandandi daga gjaldárs)/365

Þetta er gert til þess að skapa tengingu milli einkaleyfisgjalda skv. 8. gr. rg. nr. 59/1966, sem miðast við útgáfudag einkaleyfis, og árgjalda skv. 40. gr. ell., sem miðast við umsóknardag skv. 5. mgr. 8. gr. sömu laga.

Ef gildistími einkaleyfis, sem um getur í 1. mgr., miðast við 15 ár frá útgáfudegi einkaleyfisins, sbr. 2. tl. 76. gr. ell, skal greiðsla einkaleyfisgjalda fara eftir 8. gr. reglugerðar nr. 59/1966. Gjaldalagi endurnýjunar fyrir 2. og 3. gjaldatímabil miðast við útgáfudag leyfisins.

Lögskipað gjald fyrir einkaleyfi sem veitt er í samræmi við lög nr. 12/1923 um einkaleyfi eftir gildistöku laga nr. 17/1991, sbr. 78. gr. og 1. mgr. 82. gr. þeirra laga, greiðist skv. 8. gr. rg. nr. 59/1966 við veitingu leyfisins fyrir fyrstu fimm ár gildistímans. Eftir það verður greiðsla árgjalda í samræmi við 1. og 2. mgr., sbr. 2. ml., 1. mgr. 82. gr. ell.

Einkaleyfisgjöld skv. 8. gr. rg. nr. 59/1966 og ofangreindu eru:

	Kr.
1) Fyrir 1. - 5. ár gildistímans	17 000
2) Fyrir 6. - 10. ár gildistímans	50 000
3) Fyrir 11. - 15. ár gildistímans	96 000

Einkaleyfisgjöld, sem greidd eru innan 6 mánaða frá gjalddaga, skulu hækka um 20%.

4. gr.

Ýmis gjöld vegna umsókna og veittra einkaleyfa:

1)	Innritun í einkaleyfadagbók eða einkaleyfaskrá vegna breytinga er snerta eiganda, uppfinninga- eða umboðsmann, framsal eða nytjaleyfi, sbr. 9. og 43. gr. rg. ell.	1 400
2)	Afrit af almennt aðgengilegri einkaleyfisumsókn (lýsing, einkaleyfiskröfur, ágríp og teikningar) eða af veittu einkaleyfi	500
3)	Afrit af prentuðum eintökum skv. 1. mgr. 25. gr. rg. ell. eða af prentuðu einkaleyfi eða framlagningarskjali	500
4)	Staðfest afrit af skjölum skv. 2. og 3. tl., m.a. forgangsréttarskjöl	1 900
5)	Staðfest útskrift úr einkaleyfaskrá	1 000
6)	Athugun á því hvort umsókn eða einkaleyfi sé skráð fyrir tiltekinni uppfinningu	1 000

7)	Beiðni um endurbirtingu umsóknar eða einkaleyfis	1 300
8)	Endurveitingargjald vegna umsókna og veittra einkaleyfa skv. 72. gr. ell.	8 000

II. KAFLI

Gjöld fyrir vörumerki.

5. gr.

	Fyrir umsókn um skráningu vörumerkis greiðist:	Kr.
a)	Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn	9 500
b)	Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	1 900
c)	Ef sótt er um skráningu á myndmerki eða stílfærðu orðmerki greiðist að auki	1 100

6. gr.

	Fyrir umsókn um endurnýjun vörumerkis greiðist:	
a)	Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn	9 500
b)	Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	1 900

7. gr.

	Fyrir umsókn um skráningu gæðamerkis og endurnýjun greiðist:	
a)	Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn	12 000
b)	Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	1 900

8. gr.

	Ýmis gjöld vegna vörumerkja:	
a)	Innritun í vörumerkjaskrá	1 400
b)	Staðfest útskrift eða myndrit úr vörumerkjaskrá	1 000
c)	Útskrift úr vörumerkjaskrá	500
d)	Umsókn um breytingu á skráðu merki, sbr. 24. gr. vörumerkjalaga og 9. gr. reglugerðar nr. 1/1969	1 300
e)	Beiðni um endurbirtingu umsóknar eða skráningar	1 300
f)	Athugun á því hvort tiltekið vörumerki sé nákvæmlega eins og skráð vörumerki eða merki sem sótt hefur verið um skráningu á	800
g)	Athugun og mat á því hvort tiltekið vörumerki telst það líkt skráðu vörumerki eða merki sem sótt hefur verið um skráningu á að ruglingshætta yrði hugsanlega talin vera fyrir hendi ef umsókn yrði lögð inn	2 000

III. KAFLI

Gjald vegna áfrýjunar.

9. gr.

Gjald vegna áfrýjunar til áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum, sbr. 1. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 67. gr. ell. og lög nr. 31 15. maí 1984	80 000
Áfrýjunargjald greiðist iðnaðarráðuneyti við afhendingu bréfs um áfrýjun.	

IV. KAFLI

Gjöld fyrir þjónustuverkefni.

10. gr.

Fyrir þjónustu sem ekki verður heimfærð undir einingarverð reglugerðarinnar, s.s. athuganir, úrvinnslu eða tölvuútskriftir á grundvelli upplýsinga í einkaleyfaskrá eða vörumerkjaskrá, greiðist tímagjald:

a)	Sérfræðingar, á klst.	2 700
b)	Aðrir starfsmenn, á klst.	1 200
c)	Fyrir ljósrit af gögnum varðandi einkaleyfi eða vörumerki greiðist fyrir hverja síðu í stærðinni A4	40

Ef beiðni um ljósritun útheimtir verulega úrvinnslu gagna eða leit í skjalasafni reiknast að auki tímagjald samkvæmt staflíð b.

V. KAFLI

Gjöld fyrir Vörumerkja- og einkaleyfatíðindi o.fl.

11. gr.

a)	Áskriftargjald á ári	1 900
b)	Lausasala, hvert eintak	190
c)	Sérrit 1989, 1990 og 1991, hvert eintak	1 500
d)	Sérrit, eldri árgangar, hvert eintak	1 200
e)	Áskrift að mánaðarlegu yfirliti um útdrátt í birtum og/eða aðgengilegum einkaleyfisumsóknum	1 000

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Gjöld skv. reglugerð þessari greiðast Einkaleyfastofunni ef ekki er annað tekið fram.

Gjöld skv. 1. og 3. tl. 1. mgr. 1. gr., 2. gr., 3. gr. og 8. tl. 4. gr. endurgreiðast ekki þótt einkaleyfisumsókn verði afskrifuð, hafnað eða dregin til baka, beiðni um endurupptöku verði hafnað eða hún dregin til baka eða þótt einkaleyfishafi kjósi að láta einkaleyfi sitt falla úr gildi.

Gjöld skv. 5., 6. og 7. grein skulu greidd við afhendingu vörumerkjaumsóknar. Gjöld þessi verða ekki endurgreidd þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð.

13. gr.

Gjaldskrá þessi er sett skv. heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi og 46. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki, sbr. lög nr. 31/1984, og öðlast gildi 1. janúar 1993. Jafnframt falla úr gildi reglugerðir um sama efni nr. 577 6. desember 1991 og nr. 576 6. desember 1991.

Lönaðarráðuneytið, 17. desember 1992.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Steinunn Bjaman.